



ORKUSTOFNUN

Niðurdæling á Syðra-Laugalandi í Eyjafirði.
Minnispunktar vegna framhalds verkefnis
veturinn 1997/98

Guðni Axelsson

Greinargerð GAX-97-10

NIÐURDÆLING Á SYÐRA-LAUGALANDI Í EYJAFIRÐI Minnispunktar vegna framhalds verkefnis veturinn 1997/98

Næstu vikur þarf að huga að eftirfarandi atriðum:

1. Hér eftir nægir að taka ferilefnissýni úr holu LN-12 einu sinni á dag.
2. Hola LJ-8 verður hitamæld í niðurdælingu, og undir þrýstingi, er mælingabíll verður á suðurleið úr Kröflu í fyrstu eða annarri viku nóvember.
3. Sprengja þarf sem fyrst í holu LG-9, til þess að kvarða skjálftamælinetið betur. GrB mun sjá um það.
4. Stefna þarf að því að LJ-5 verði stöðugt í gangi, a.m.k. í nokkrar vikur, eftir að hún verður gangsett næst.
5. Þá þarf að taka sýni, og mæla vatnsborð í holum LJ-5 og LN-10, örarár en venjulega. Lagt er til að það verði gert á tveggja tíma fresti fyrsta daginn (c.a. sex sinnum), tvísvar sinnum næsta dag, en síðan einu sinni á dag. Mæla þarf vatnsborð í báðum holunum skömmu áður en LJ-5 verður ræst.
6. Gera þarf vinnsluáætlun fyrir Laugaland fyrir veturinn þannig að sem minnstar sveiflur verði í vinnslunni.
7. Einnig þarf að skipuleggja næsta þátt verkefnisins, sem væntanlega hefst í janúar 1998. Rætt hefur verið um dælingu við hámarksþrýsting, en skoða má þann möguleika að dæla í staðinn niður í LN-10.
8. Kanna þarf möguleikann á því að hægt verði að bæta tímabundið heitu vatni við bakrásina frammi á Laugalandi.
9. Panta þarf ferilefni fyrir næstu ferilprófun, sem væntanlega byrjar í febrúar. Mið-að við samskonar endurheimtu og í LN-12 virðist þurfa um 45 kg af kalíum-joðíði, eða um 350 kg af natrium-brómíði. GSv mun sjá um þetta.
10. Athuga þarf hugsanlegar skekkjur í skráningu eftirlitsbúnaðarins á vatnshita (og e.t.v. rennsli) LN-12.

Í framhaldinu þarf að huga að eftirfarandi:

1. Endurtaka þarf þrepidælinguna frá 18/9, væntanlega í janúar n.k.
2. GSv mun áfram kanna möguleikana á tilraun til þess að kanna stöðugleika fluor-esceins. Rætt hefur verið við SP þar að lútandi.
3. Hugsanlegt er að þjóðverjarnir sem mældu LJ-8 með "tele-viewer" sumarið 1996, geti endurtekið þá mælingu sumarið 1998. Kanna þarf þann möguleika.

Guðni Axelsson

MÁ EKKI FJARLÆGJA